

Fundargerð 257. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 11. janúar 2022
Fundartími:	9:00 – 11:40
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við lið nr. 15. Fundartímar sveitarstjórnar Flóahrepps. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 229, dags. 08.12.2021

a) Skógsnes 2, L229833 og Lauftún L230656; Deiliskipulag – 2106070

Lögð er fram að nýju tillaga deiliskipulags sem tekur til lóða Skógsnes 2 L229833 og Lauftúns L230656 úr landi Skógsnes í Flóahreppi eftir auglýsingu. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á hvorum stað rísi íbúðarhús, gestahús, reiðhöll/skemma og vélaskemma. Hvort land fyrir sig er um 60 ha. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir Skógsnes 2 L229833 og Lauftún L230656 úr landi Skógsnes. Á hvorum stað er gert ráð fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi, reiðhöll/skemmu og vélaskemmu. Brugðist hefur verið við þeim umsögnum sem bárust á auglýsingatíma. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Lambastaðir (L166246); Umsókn um byggingarleyfi; geymsla – byggð hæð sem íbúðarhúsnæði – 2111074

Fyrir liggur umsókn Guðjóns Þ. Sigfússonar fyrir hönd Almars Sigurðssonar og Svanhvítar Hermannsdóttur, móttokin 25.11.2021, um byggingarleyfi til að byggja 64 m² efri hæð á geymslu, mhl 02, á jörðinni Lambastaðir L166246 í Flóahreppi. Heildarstærð á húsi eftir stækkun verður 129 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir hagsmunaaðilar eru á svæðinu aðrir en umsækjandi telur nefndin ekki þörf á grenndarkynningu. Nefndin mælist til þess að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Lögð fram umsókn Guðjóns Þ. Sigfússonar fyrir hönd Almars Sigurðssonar og Svanhvítar Hermannsdóttur um byggingarleyfi til þess að byggja 64 fm efri hæð á geymslu mhl 02 á jörðinni Lambastaðir L166246 í Flóahreppi. Heildarstærð eftir stækkun verður 129 fm. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina og vísar málinu til áframhaldandi málsmeðferðar á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Mosató 3 L225133; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2111083

Lögð er fram umsókn frá 360 gráðum ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi að Mosató 3 L225133. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Í upphaflegu deiliskipulagi frá 16. ágúst 2016 var gert ráð fyrir að hótelið yrði með steiptum kjallara þar sem suðurhlíð hótels yrði með fulla lofthæð en norðurhlíð yrði felld inn í landið. Tilfellið er að hótelið var reist sem ein hæð og kjallarinn var ekki byggður. Nú er óskað eftir heimild til þess að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði kynnt sérstaklega fyrir nærliggjandi lóðarhöfum.

Lögð er fram umsókn frá 360 gráðum ehf er varðar breytingu á deiliskipulagi að Mosató 3, L225133. Í upphafi var gert ráð fyrir kjallara undir hótelinu sem var ekki byggður. Í umsókninni er óskað eftir heimild til þess að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði kynnt nærliggjandi lóðarhöfum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Loftstaðir – Vestri lnr. 165512; Ferðapjónusta; Tjöld og þjónustuhús; Aðalskipulagsbreyting – 1712001

Lögð er fram tillaga breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 er varðar skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæði á jörð Loftstaða-Vestri L165512 eftir auglýsingu. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu á ferðapjónustu í heilsárstjöldum/smáhýsum ásamt þjónustuhúsi. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Í athugasemdum felst m.a. að nágrannar telji að mikið ónæði hafi hlotist af þeirri starfsemi sem nú þegar er rekin að Vestri-Loftstöðum allan sólarhringinn þar sem tjöld hafa verið í útleigu. Í aðalskipulagsbreytingunni felst m.a. að heimild verði fyrir gistingu í heilsárstjöldum/ og eða gestahúsum, allt að 75 fm hvert ásamt allt að 120 fm þjónustuhúsi. Hámarksbyggingarmagn gesta- og þjónustuhúss er allt að 980 fm og er gert ráð fyrir allt að 85 gestum. Gestahús verði léttar byggingar sem hægt verður að fjarlægja aftur án þess að teljanleg ummerki verði eftir þau. Stærð svæðisins er um 2 ha. Skipulagsnefnd telur að við deiliskipulagningu svæðisins skuli miða við að uppbygging viðkomandi þjónustustarfsemis verði að meginhluta vestan við núverandi íbúðarhús og verði með þeim hætti slitið frá sameiginlegum jarðarmörkum Loftstaða-Eystri eins og kostur er. Nefndin bendir landeigendum á að hverjum og einum er í sjálfsvald sett að setja upp girðingar á landamörkum til að takmarka aðgengi óviðkomandi aðila að landi sínu með fyrirvara um almannarétt til útivistar og umgengis kafla IV. náttúruverndarlaga. Að mati skipulagsnefndar er umrædd starfsemi sem áætlað er að veita heimild fyrir með breytingu á aðalskipulagi ekki þess eðlis að verulegt ónæði hljóti af því innan svæðisins. Nefndin bendir auk þess á að málið var sérstaklega kynnt á svæðinu án þess þó að aðrir landeigendur á svæðinu gerðu athugasemdir við tillöguna. Innan aðliggjandi deiliskipulags að Loftstöðum-Eystri eru umtalsverðar byggingarheimildir fyrir íbúðarhúsum, frístundahúsum og útihúsum. Verði af uppbyggingaráformum á svæðinu er ljóst að töluvert mannlíf verður innan svæðisins í formi íbúa og gesta. Að mati nefndarinnar er því óhjákvæmilegt að nágrannar verði því að einhverju leyti fyrir áhrifum af veru annars fólks innan svæðisins óháð því hvort um ferðamenn í tjöldum eða smáhýsum er að ræða, íbúa eða aðra gesti sem áhuga hafa á að njóta náttúru svæðisins með einhverjum hætti í samræmi við fyrrgreindan kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Er varðar umsögn Umhverfisstofnunar telur skipulagsnefnd að umsögn sé svarað með fullnægjandi hætti innan greinargerðar aðalskipulagsbreytingar er varðar ásýnd. Byggingar innan svæðisins verða lágreistar og einfalt að fjarlægja og að mati nefndarinnar eru því umhverfisáhrif vegna tillögunnar mjög takmörkuð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Nefndin telur ekki ástæðu til bregðast við athugasemdum með

ítarlegri hætti en gert hefur verið innan skipulagstillögu. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Lögð er fram eftir auglýsingu tillaga breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem skilgreinir verslunar- og þjónustusvæði í landi Loftstaða-Vestri L165512. Á svæðinu er gert ráð fyrir þjónustuhúsi, smáhýsum og heilsárstjöldum. Hámarks byggingarmagn gesta og þjónustuhúss er 980 fm. og stærð svæðis um 2 ha.

Einnig eru lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem bárust á auglýsingatíma sem lúta m.a. af áhyggjum af ónæði vegna fyrirhugaðrar starfsemi. Sveitarstjórn Flóahrepps telur að þar sem uppbygging þjónustunnar á að fara fram vestan núverandi íbúðarhúss þá ætti ekki að skapast ónæði fyrir nálæga íbúabyggð frá starfseminni. Landeigendur hafa skv. lögum heimildir til þess að girða af landeignir sínar til þess að takmarka aðgengi óviðkomandi aðila með fyrirvara um almennarétt til umgengi og útivistar skv. IV kafla náttúruverndarlaga. Á Loftstöðum eystri eru nú þegar heimildir fyrir byggingu íbúðar, útihúsa og frístundahúsa þannig að gera má ráð fyrir töluverðri umferð á svæðinu. Að mati sveitarstjórnar er því óhjákvæmilegt að nágrennar verði því að einhverju leyti fyrir áhrifum af veru annars fólks innan svæðisins óháð því hvort um ferðamenn í tjöldum eða smáhýsum er að ræða, íbúa eða aðra gesti sem áhuga hafa á að njóta náttúru svæðisins með einhverjum hætti í samræmi við fyrrgreindan kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Sveitarstjórn samþykkir breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 er varðar skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæði á jörð Loftstaða-Vestri L165512 eftir auglýsingu með 5 atkvæðum.

e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21 – 154 – 2111004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 1. desember 2021.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 230 dags. 20.12.2021

a) Áframhaldandi efnistaka út Hjálmholtsnámu; Umsagnarbeiðni – 2112040

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun er varðar mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir áframhaldandi efnistöku úr Hjálmholtsnámu. Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við framlagða umhverfisskýrslu. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Sveitastjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða umhverfisskýrslu vegna áframhaldandi efnistöku úr Hjálmholtsnámu. Sveitarstjórn telur að innan skýrslunnar sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Hjálmholt L166235; Torfholt; Stofnun lóðar 2111004

Lögð er fram umsókn Sigurjóns V. Guðmundssonar um stofnun landeignar úr landi Hjálmholts L166235. Óskað er eftir því að stofna um 34,4 ha land skv. meðfylgjandi lóðablaði sem fengi staðfangið Torfholt.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landsins eða staðfang hennar skv. fyrirleggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn um stofnun 34,4 ha landeignar úr landi Hjálmholts L166235 samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði. Óskað er eftir að landeignin fái nafnið Torfholt.

Sveitastjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar eða nafnið Torfholt.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 21-155 – 2112001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 15. desember 2021.

3. Loftslagsstefna sveitarfélaga – samstarf um stefnumótunarvinnu

Ekki hafa borist svör frá öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum og því ekki heldur komin endanleg niðurstaða varðandi þann kostnað sem Flóahreppur þarf að bera vegna vinnunnar eða vegna verkefnisstjóra. Málið er nátengt annarri vinnu við Heimsmarkmiðin. Sjá lið nr. 7 hér fyrir neðan.

Málinu frestað.

4. Erindi frá hestamannafélaginu „Sleipni“ – styrkbeiðni vegna félagshesthúss fyrir börn og ungmenni

Lögð fram að nýju umsókn frá Hestamannafélaginu Sleipni um styrk til þess að reka félagshesthús fyrir börn og ungmenni í hesthúsahverfinu á Selfossi. Meðfylgjandi er rekstaráætlun verkefnisins ásamt lýsingu á þeim markmiðum sem verður unnið eftir. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir styrk kr. 134.000 til eins árs sem er í réttu hlutfalli við framlag sveitarfélagsins Árborgar miðað við íbúafjölda. Foreldrar í Flóahreppi eru hvattir til þess að kynna sér þennan möguleika barna til íþróttaiðkunar. Þátttökugjöld rúmast innan reglna Flóahrepps um hvatastyrki.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá verkefnisstjóra Sigurhæða – styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá verkefnisstjóra Sigurhæða sem er þjónusta fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Í erindinu er óskað eftir styrk frá sveitarfélaginu í hlutfalli við íbúafjölda, kr. 145.348 til starfseminnar árið 2022.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umbeðna upphæð með 5 atkvæðum.

6. Covid – 19 staðan

Nýjar reglur varðandi sóttkví hafa nú tekið gildi sem auðvelda stofnunum og fyrirtækum að halda starfsemi sinni gangandi. Flóaskóli og Krakkaborg hafa náð að halda nánast óskertri starfsemi fram til þessa. Sveitarstjórn samþykkir að innheimta ekki leikskólagjöld þá daga sem foreldrar leikskólabarna sjá sér fært að hafa nemendur heima í janúar og febrúar 2022 til þess að auðvelda mönnum ef mikið verður um forföll. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram en leiðrétting yrði gerð við næstu mánaðarmót vegna þeirra daga sem ekki væru nýttir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Heimsmarkmiðin – staða innleiðingar

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur nú lagt fram framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga til áframhaldandi innleiðingar á Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna. Á vegum Sambandsins er í gangi verkefni sem auðveldar sveitarfélögum að samræma vinnu við gerð árangursmælikvarða. Ráðgjafafyrirtækið Podium hefur verið fengið til þess að stýra vinnuni við verkefnið. Við áframhaldandi vinnu er m.a. horft til stefnumótunar Flóahrepps og byggt á þeirri vinnu við setningu markmiða sem mun nýtast fleiri sveitarfélögum af svipaðri stærð. Sveitarstjórn óskar eftir fundi með ráðgjafa Podium þar sem farið yrði yfir næstu skref.

Samþykkt með 5 atkvæðum

8. Samningur við sveitarfélagið Árborg um rekstur sameiginlegrar upplýsingamiðstöðvar

Lagður fram samningur um endurnýjun á samstarfi sveitarfélaganna Árborgar og Flóahrepps um rekstur upplýsingamiðstöðvar í nýja miðbænum á Selfossi.

Afgreiðslu frestað og óskað eftir fundi með verkefnisstjóra til þess að fara betur yfir málið.

9. Upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps 2021

Lögð fram gögn úr bókhaldi Flóahrepps sem sýna bókaðar færslur ársins 2021. Enn er eftir að ganga frá uppgjöri nokkurra samstarfsverkefna.

Áætlanir um skatttekjur og útgjöld hafa staðist að mestu leyti. Endurskoðun bókhalds og vinna við gerð ársreiknings fyrir árið 2021 er hafin.

10. Endurnýjun á tölvubúnaði í Flóaskóla – viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2022

Lögð fram beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2022 vegna Tölvukaupa í Flóaskóla. Viðaukinn er vegna fjölgunar á nemendatölvum og endurnýjunar á nemenda og kennaratölvum og hljóðar upp á 2,1 milljón.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann með 5 atkvæðum. Viðaukanum er mætt með lækkun á eigin fé.

11. Frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, áform um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 – til umsagnar

Lagðar fram upplýsingar frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem fjallað er um áform um breytingar á sveitarstjórnarlögum á þann veg að mælt verði með skýrari hætti fyrir um hvaða reglur skuli gilda um íbúakosningar.

Engar athugasemdir gerðar og málið lagt fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 256, dags. 07.12.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) NOS dags. 13.12.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnassýslu nr. 52, dags. 30.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar SOS nr. 307, dags. 01.12.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. dags. 26.10.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 215, dags. 25.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar SASS nr. 576, dags. 03.12.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 904, dags. 10.12.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Fundargerð fundar Vegagerðarinnar dags. 14.12.2021, með fulltrúum Flóahrepps og Árborgar – Hringvegur um Ölfusá
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. Efni til kynningar:

- a) Kaup byggðasafns Árneseinga á Búðarstíg 22 á Eyrarbakka og yfirlit um framkvæmdir.
- b) Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um fjármálastefnu 2022 – 2026 og fjármálafrumvarp ríkisins 2022
- c) Frá reikningsskila og upplýsingarnefnd – Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga
- d) Minnispointar punktar fundar Hestamannafélagsins Sleipnis, Vegagerðarinnar, Árborgar og Flóahrepps dags. 24.11.2021
- e) Frá Vegagerðinni – ákvörðun um niðurfellingu Lómatjarnarveggar af vegaskrá
- f) Húsvarsla í Félagslundi
Við bjóðum velkomna til starfa nýjan húsvörð í Félagslundi, Arndísi Eiðsdóttur.
Skrifstofa Flóahrepps sér áfram um bókanir á húsinu.

14. Trúnaðarmál

15. Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn þriðjudaginn 8. febrúar klukkan 9:00 í Þingborg.

Árni Eiríksson (sign)
Rósa Matthíasdóttir (sign)
Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)
Hrafnkell Guðnason (sign)
Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)